

Föstudaginn 17. janúar 1947.

Nr. 123/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Pálma Gunnari Kristinssyni, Hilmari Rúnari
Breiðfjörð Jóhannssyni og Björgvin Óskars-
syni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Strok úr fangelsi. Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Við ákvörðun refsingar Pálma Gunnars Kristinssonar ber að hafa hliðsjón af 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Pálmi Gunnar Kristinsson, Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson og Björgvin Óskarsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. maí 1946.

Ár 1946, mánudaginn 20. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1444—1446/1946: Réttvísing og valdstjórnin gegn Pálma Gunnari Kristinssyni, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni og Björgvin Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. apríl sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pálma Gunnari Kristinssyni verkamanni, Ásvallagötu 35 hér í bæ, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni sjómanni, Haðarstig 14 hér í bæ, og Björgvin Óskarssyni sjómanni, Helgavatni í Þver-árhlið, fyrir brot gegn XII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði Pámi Gunnar Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1927, og hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1934 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hnupl.
 1938 $1\frac{1}{2}$ Áminntur fyrir að hanga í bifreið.
 1938 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólsgriind.
 1939 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir spjöll. Brenndi stýri á reiðhjóli.
 1939 $\frac{7}{8}$ Áminntur fyrir grjótkast.
 1939 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum, málningu o. fl.
 1939 $3\frac{1}{10}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum o. fl.
 1940 $2\frac{5}{11}$ Kærður fyrir að hjóla ljóslaus.
 1940 $2\frac{1}{12}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
 1941 $1\frac{1}{4}$ Kærður fyrir þjófnað á 95 krónum.
 1941 $1\frac{1}{11}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli. Alvarlega áminntur í viðurvist föður síns.
 1942 $\frac{3}{8}$ Kærður fyrir hnupl á árabáti.
 1942 $1\frac{1}{8}$ Kærður fyrir að fara upp í bil í heimildarleysi og láta hann renna á götunni.
 1942 $1\frac{1}{12}$ Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðinu og fyrir slæpingshátt.
 1943 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir misferli með áfengi.
 1939 og 1942 Ráðstafað til dvalar á sveitarheimili, Reyndist bæði latur og óknyttasamur.
 1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $1\frac{1}{4}$ 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skyldi háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $1\frac{1}{4}$ '44— $1\frac{1}{4}$ '45, og málið skyldi tekið upp að nýju, ef kærði gerðist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða ólhýðnaðist settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
 1944 $1\frac{1}{11}$ Rvík. Sátt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $1\frac{1}{4}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sumpart sbr. 20. gr., 247. gr. og 248. gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7 sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Skilorðstímann skal dómfelldi háður eftirliti þar til skipaðs manns og dvelja utan Reykjavíkur til fullnaðs 20 ára aldurs, og er sú ráðstöfun skilyrði fyrir niðurfalli refsingarinnar að 5 árum liðnum.

- 1945 $\frac{3}{2}$ Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og áfengislögunum.
- 1945 $2\frac{1}{12}$ Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1946 $1\frac{7}{1}$ Rvík. Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.

Ákærði Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1938 % Áminntur fyrir að vera á báti út á höfn.
- 1938 $1\frac{9}{10}$ Áminntur fyrir að hnupla fuglaháf og eyða stolnum peningum.
- 1939 $\frac{9}{1}$ Áminntur fyrir að kveikja bál á götu.
- 1939 $\frac{9}{1}$ Uppvís að hnupli á almanökum.
- 1939 $\frac{7}{11}$ Áminntur fyrir að tvímenna á reiðhjóli.
- 1941 $\frac{3}{2}$ Sprengdi kiverja.
- 1942 $\frac{3}{2}$ Uppvís að þjófnaði á peningum (4 sinnum), seðlaveski, bíldekki, vindlingaveski, sigarettum, (hlutdeild), bókum og hönzukum.
- 1945 $2\frac{3}{4}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1945 $\frac{7}{11}$ Kærður fyrir ölvun og óspektir innanhúss. Felld niður.
- 1945 $2\frac{1}{12}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1946 $1\frac{7}{1}$ Dómur aukaréttar, 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 110. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Ákærði Björgvin Óskarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júlí 1923, og hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1942 $\frac{3}{2}$ Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $3\frac{3}{4}$ Dómur ungmennadóms. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi og dvelji í sveit fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 26. gr. 2. mgr. laga nr. 63 1937 sbr. 1. gr. laga nr. 13 1941 og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. laga nr. 33 1935.
- 1945 $1\frac{10}{11}$ Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 254. og 247. gr. hegningarlaga, bifreiðarlögunum og áfengislögunum.
- 1946 $1\frac{8}{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 $\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 2½ Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningar-
rétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 254 gr. hegningarlögganna.

Laugardaginn 6. f. m. voru ákærðu allir refsifangar á vinnuhæli ríkisins á Litla-Hrauni og átta fyrir höndum allanga fangelsisvist. Hjá gestum, sem komu í vinnuhælið þenna dag, fengu ákærðu áfengi, og segjast þeir hafa komizt undir áfengisáhrif af drykkju þessari. Þegar gestirnir voru farnir, ákváðu ákærðu að strjúka í sameiningu úr vinnuhælinu til Reykjavíkur í þeim tilgangi, að þeir segja, að ná í meira áfengi. Lengra virðast ráðagerðir þeirra um strokið ekki hafa náð. Ákærði Pálmi og Hilmar komu sér fyrst saman um að strjúka. Síðan stungu þeir upp á því við ákærða Björgvin, að hann yrði með þeim í strokinu, og féllst hann á það. Þeir ákváðu að hlaupast á brott eftir kvöldverð þenna sama dag. Þeir komust út úr húsinu með því að fara upp á háaloft þess, sem var ólæst, og fara þar út um þakglugga. Af þakinu klifruðu þeir síðan til jarðar, og tókst þeim það án þess að hjálpa hver öðrum.

Háaloft vinnuhælisins er venjulega læst og lykillinn að því í vörzlu gæzlumanna. Svo var það einnig þenna dag. Um morguninn hafði ákærði Hilmar ætlað að þvo af sér fatnað á háaloftinu eftir hádegisd, en við þá fyrirætlun hætti hann, eftir að hann hafði neytt áfengisins. Í ráðagerð hans og ákærða Pálma um strokið var, að Hilmar skyldi fá háaloftlykilinn hjá gæzlumanni undir því yfirskini, að hann ætlaði að þvo á háaloftinu, þó tilgangurinn með þessu væri sá einn að gera strokið mögulegt. Þetta framkvæmdi Hilmar eftir kvöldverð, opnaði háaloftið með lyklinum, lét það standa ólæst, en skilaði síðan gæzlumanni lyklinum. Skömmu síðar fóru ákærðu út úr húsinu um hið ólæsta háaloft.

Ákærði Pálmi kveður ákærða Björgvin hafa fylgzt með ráðagerðinni um útvegum lykilsins og framkvæmd hennar, en um þetta er skýrsla ákærða Hilmars nokkuð óákveðin. Ákærði Björgvin skýrir svo frá, að þegar hinir færðu í tal við hann, að hann stryki með þeim, hafi þeir lýst fyrir sér, hvernig þeir ætluðu að komast út úr vinnuhælinu, en ætlun þeirra frá upphafi var sú, sem þeir notuðu. Einnig kveðst ákærði Björgvin hafa verið hjá hinum, þegar ákærði Hilmar fór til gæzlumannsins og fékk lykilinn og þegar hann fór aftur með lykilinn og skilaði honum. Af þessum ástæðum þykir ljóst, að ákærði Björgvin hafi fylgzt með útvegum lykilsins og vitað, hver tilgangurinn var með útvegum hans, en því atriði hefur hann neitað undir rannsókn málsins.

Þegar ákærðu höfðu komizt út úr vinnuhælinu, gengu þeir sem leið liggur eftir þjóðveginum áleiðis til Reykjavíkur. Í Ölfusi komust þeir í vörubifreið, sem flutti þá til Reykjavíkur, og var klukkan að ganga 11 um kvöldið, þegar þangað var komið. Ákærði Pálmi

útvegaði nú flösku af brennivíni fyrir armbandsúr sitt, og fóru ákærðu með flöskuna inn í veitingastofu eina hér í bænum og drukku þar úr henni. Þegar þeir fóru út úr veitingastofunni, voru þeir orðnir drukknir, og sérstaklega virðist ákærði Pálmi þá hafa orðið allöfsafenginn.

Ákærðu gengu nú saman um götur bæjarins. Þeir komu að húsi því, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur aðsetur í. Þar braut Pálmi tvær kjallarárúður á bakhlið hússins, án þess að hinir ættu þar neinn hlut að. Ákærði Hilmar reyndi að fá hann burtu frá húsinu og tókst það, þegar hann sagði honum, að lögreglan væri að koma. Ákærði Pálmi kveðst ekki muna, hvort hann hafði þjófnað í huga, þegar hann braut rúðurnar, og ákærði Hilmar heyrði hann ekki tala um, að hann hefði þjófnað í huga í þetta sinn, en vegna allra kringumstæðna og þeirra þjófnaðarverka, er Pálmi framdi síðar um nóttina, þykir vera ljóst, að hann hafi brotið rúðurnar í þjófnaðartilgangi, en svo hætt við frekari aðgerðir m. a. vegna aðgerða Hilmars. Frá þessu húsi gengu ákærðu inn Sölvhólsgötu og komu að húsi Timburverzlunarinnar Völundar. Þar braut Pálmi upp hlið, sem er á girðingu kringum húsið, og fór heim að húsinu. Mun hann þar hafa sparkað í hurð að afgreiðsluherbergi verzlunarinnar, svo að hún brotnaði, en þó eigi svo mikið, að unnt væri að komast inn um hana. Síðan braut hann rúðu í glugga í afgreiðsluherberginu og smaug inn um rúðuopið. Inni skoðaði hann peningaskáp, sem þar var og var læstur, en tók þar ekkert. Þegar hér var komið, kallaði Hilmar til hans, að menn væru að koma, og fór hann þá út, og hlupu þá allir ákærðu í burtu. Ekki virðast þeir Hilmar og Björgvin hafa átt neinn þátt í þessu tiltæki Pálma. Hilmar vildi nú ekki vera lengur með þeim Pálma og Björgvin, skildi við þá og fór heim til sín. Þar fékk hann að borða, en síðan fylgdi bróðir hans honum á lögreglustöðina, þar sem hann gaf sig fram við lögregluna og skýrði frá strokinu. Þegar Hilmar hafði skilið við Pálma og Björgvin, héldu þeir áfram göngu sinni. Þeir gengu fram hjá verzlun Sigurðar Skjaldbergs á Laugavegi 49, og braut Pálmi rúðu í verzluninni, um leið og þeir gengu fram hjá, en ósannað er, að það hafi verið gert í þjófnaðarskyni. Pálmi og Björgvin urðu nú viðskila hvor við annan. Björgvin gekk niður í miðbæinn. Þar hittu hann lögregluþjónar, sem vissu um strokið, og eftir tilmælum þeirra fór hann mótþróaust með þeim á lögreglustöðina. Eftir að Pálmi var orðinn viðskila við Björgvin, fór hann að verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis á Skólavörðustíg 12 og brautz þar inn um glugga á bakhlið hússins í því skyni að stela fötum. Þegar inn kom, opnaði hann tvo peningakassa, sem þar voru, og tók handfylli af einseyringum úr öðrum. Kveðst hann ekkert hafa séð fyrir myrkri og ekki mundu hafa tekið þessa peninga, hefði hann séð, hvers konar peningar það voru. Hann skoðaði fót þarna, en var engin þeirra farinn að taka,

þegar lögreglan, sem hafði fengið tilkynningu um, að þarna væri verið að brjótast inn, kom og handtók hann. Mál hefur eigi verið höfðað gegn unglingspilti einum, sem við þenna verknað Pálma var riðinn, og virðist því eigi vera þörf á að rekja hans þátt í málinu. Strok ákærðu frá vinnuhælinu varðar við 110. gr. hegningarlaganna og áfengisneyzla þeirra á veitingastofunni við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Ósannað er, að ákærðu Hilmar og Björgvin hafi gerzt brotlegir við XXVI. kafla hegningarlaganna, og verða þeir því sýknaðir af ákærinni um brot gegn honum. Aftur á móti hefur ákærði Pálmi með atferli sínu í Grænmetisverzlun ríkisins og Timburverzluninni Völundi gerzt brotlegur við 244. sbr. 20. gr. hegningarlaganna, og innbrot hans í verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis varðar við 244. gr. hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og fyrri brotum ákærðu þykja refsingar þeirra hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Pálmi sæti fangelsi í 15 mánuði, en ákærðu Hilmar og Björgvin í 6 mánuði hvor.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða Pálma kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja. Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð:

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærðu Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson og Björgvin Óskarsson sæti fangelsi í 6 mánuði hvor.

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.